

Stjórnarfundur FEB nr. 504 þriðjudaginn 5. nóv. kl. 14:30

Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir aðalmenn: Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Árni Gunnarsson, Stefania Valgeirsdóttir og Kristinn Eiríksson

Mættur varamaður: Bessí Jóhannsdóttir

Fjarverandi: Ragnar Árnason og Jón Magnússon

Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

Dagskrá:

- **Fundargerð 503 afgreidd og undirrituð**
- **Stefnumótun – framhald**

Á síðasta stjórnarfundinu voru fyrstu skrefin tekin í stefnumótun stjórnar, þar kom fram að helstu áherslurnar ættu að vera á kjara- og húsnæðismál. Ákveðið var að beina kröftum stjórnar að þessum tveimur málaflokkum og fresta frekari stefnumótunavinnu að sinni. Einnig kom fram mikill áhugi á að skipa nefnd sem myndi berjast fyrir mannréttindum eldra fólks og er stefnt að því að koma þeirri nefnd á laggirnar sem fyrst.
- **Kjaramál**

Kjaranefnd og formaður LEB hafa lokið fundarherferð með stjórnnum og kjaranefndum aðildarfélaganna LEB þar sem markmiðið var að upplýsa og koma af stað frekari umræðu um kjaramál eldra fólks. Fundur LEB með stjórn og kjaranefnd FEB var haldinn 30. okt. s.l. og var um mjög upplýsandi og góðan fund að ræða. Stjórn FEB er algjörlega sammála þeim áhersluatriðum LEB sem fram koma í auglýsingu þeirra undir fyrirsögninni “Réttlæti er krafan ekki innantóm loforð” og mun leggja áherslu á þessi atriði hvar sem tækifæri gefast. Vakinn var athygli á fyrirhuguðum pallborðsfundi á vegum LEB þann 21. nóv. með forustumönnum flokkanna um málefni eldra fólks og munu félagsmenn vera hvattir til að fylgjast með fundinum.
- **Húsnæðismál**

Móta þarf stefnu í húsnæðismálum FEB sem allra fyrst. Staða og framtíð Leigufélags aldraðra var rædd. Nokkur verkefni eru þar enn óafgreidd og var því ákveðið að bíða með frekari stefnumótun í húsnæðismálum þar til afgreiðslu þeirra væri lokið.
- **Kvörtun vegna fækkunar fulltrúa FEB í öldungaráði**

Lögfræðingur FEB hefur lokið við að gera ítarlega kvörtun vegna ákvörðunar Reykjavíkurborgar á fækkun fulltrúa FEB í öldungaráði Reykjavíkur. Ekki er lagaleg heimild til kær. Stjórn FEB samþykkti að senda kvörtunina til Innviðaráðuneytisins og verður það gert allra næstu daga.



- Önnur mál

1. **Múlabær/Hlíðabær.** Stjórn FEB ákvað að tilnefna Stefaníu Valgeirsdóttur áfram sem varamann í stjórn Múla- og Hlíðabæjar um ótilgreindan tíma.
2. Skrifstofa FEB hefur fundið fyrir miklum **áhuga stjórnmalaflokka** að koma á viðburði félagsmanna til **að kynna sig** eða nálgast efni til kynningar. Starfsfólk skrifstofunnar er þessu alfarið mótfallið og hefur hafnað öllum óskum þar að lútandi. Stjórn FEB var þessu algjörlega sammála.
3. **Lagafrumvörp – umsagnir.** Nokkur frumvörp bíða umsagnar FEB. Ekki er talin ástæða til að fjalla um þau að svo komnu máli, þar sem líklegt er að ekki finnist tími til að þau fái þinglega meðferð hjá núverandi starfsstjórn.

Fundi slitið kl. 16:00

Fundargerð ritaði Dýrleif Guðjónsdóttir í fjarveru ritara stjórnar.

Guðrún Ósk Jakobsdóttir

Stj. Afg. Feð
Guðrún Ósk Jakobsdóttir
Stefanía Valgeirsdóttir
Stj. Afg. Feð